

## Kynningarefni fyrir sýninguna Nr 4 Umhverfing

**Til** : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>  
**Frá** : Akademia skynjunarinnar <nr4umhverfing@gmail.com>  
**Heiti** : Kynningarefni fyrir sýninguna Nr 4 Umhverfing  
**Málsnúmer** : 2021100083  
**Málsaðili** : Þuríður Elfa Jónsdóttir  
**Skráð dags** : 24.10.2021 00:09:48  
**Höfundur** : Akademia skynjunarinnar <nr4umhverfing@gmail.com>

**Viðhengi** [Nr 4 Umhverfing og kynning á Verkefninu Umhverfing.docx](#)<sup>Nr 4</sup>  
[Umhverfing og kynning á Verkefninu Umhverfing.docx](#)  
**Nr 4UMHVERFING Ly'sing a' MYNDLISTAVERKEFNINU–**  
**SUMARIÐ 2022.docx**<sup>Nr 4UMHVERFING Ly'sing a' MYNDLISTAVERKEFNINU–</sup>  
[SUMARIÐ 2022.docx](#)

Sæl Bryndís

Við undirritaðar erum með bréfi þessu að kynna sýningu sem til stendur að verði haldin á Vestfjörðum víðsvegar, á Ströndum og í Dölum næsta sumar. Undirbúningur er hafinn fyrir þó nokkru og er þegar komið í ljós að þátttakendur verða mjög margir.

Okkur langar sérstaklega til að kynna þetta verkefni vel fyrir ráðamönnum á hverjum stað og sendum því hér í viðhengi tvær örlítið mislangar kynningar. Þér er velkomið að framsenda þetta efni til þeirra sem þú telur málið varða. Við sjáum fyrir okkur að þessi sýning muni auka mjög á ferðalög Íslendinga vestur næsta sumar því reynslan hefur sýnt að slíkt gerðist á Snæfellsnesi þegar sambærileg sýning var haldin þar víðsvegar um nesið árið 2019. Þá voru sýnendur 71, en nú eru þeir komnir yfir 100. Okkur er það mjög mikilvægt að vera í sem bestu samstarfi við heimafólk og í raun lítum við á þetta verkefni sem samstarf milli heimamanna, myndlistarmanna og okkar. Við höfum séð um 3 Umhverfissýningar og eigum aðeins góðar endurminningar frá þeirri vinnu og verkefni / sýningum í heild. Mikil vinna, en svona sýningar hafa skilið eftir sig góðan vitnisburð um sköpunargleði og ánægju.

Með bestu kveðjum og óskum um góðan vetur og sjáumst vonandi næsta vor.

Fyrir hönd Akademíu skynjunarinnar

Anna Eyjólfss,

Ragnhildur Stefánsdóttir ,

Þórdís Alda Sigurðardóttir